

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um fátækt barna.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Er hafin vinna í ráðuneytinu til að bregðast við niðurstöðum skýrslu um fátækt barna í Evrópu sem Barnaheill gáfu út haustið 2021? Hyggst ráðherra setja af stað vinnu við að skilgreina fátækt meðal barna?
2. Er hafin vinna við að móta opinbera stefnu eða áætlun um að uppræta fátækt meðal barna á Íslandi?
3. Hyggst ráðherra grípa til sérstakra aðgerða í þágu barna í ljósi þess að Ísland er eina norræna landið þar sem börn eiga frekar á hættu að búa við fátækt en fullorðnir?

Skriflegt svar óskast.